



Akraneskaupstaður

Kjartan Sigurður Þorsteinsson
Elínborg Guðmundsdóttir
Laugarbraut 18
300 Akranes

Erindið sent á netfangið

Akranesi, 22. apríl 2022
2204136 ATHG

Grenndarkynning

Efni: *Deiliskipulag Akratorgsreits - Laugarbraut 23*

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs sem haldinn var 14. mars 2022, var fjallað um fyrirspurn varðandi viðbyggingu við húsið að Laugarbraut 23, sem felst í byggingu hæðar ofan á eldri hluta hússins. Nýtingarhlutfall færí úr 0,24 í 0,31.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs:

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Grenndarkynnt verður fyrir fasteignaeigendum við Akurgerði 2, 4, 6, Laugarbraut 14, 16, 18, 21 og Vesturgötu 84, 88 og 90 þegar fullgerður skipulagsuppdráttur liggur fyrir.

2. mgr. 43. gr. Grenndarkynning

Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 1. mgr. og skal þá fara fram grenndarkynning. Við mat á því hvort breyting á deiliskipulagi teljist óveruleg skal taka mið af því að hve miklu leyti tillagan víkur frá notkun, nýtingarhlutfalli, útliti og formi viðkomandi svæðis.

Með vísun í 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er þér hér með veittur fjögurra vikna frestur til þess að tjá þig um fyrirhugaða breytingu. Grenndarkynningin hefst **25. apríl 2022 til og með 25. maí 2022**.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skipulags- og umhverfissviðs að Dalbraut 4, mánudaga-fimmtudaga frá kl. 09.00-15:00 og föstudaga frá 09.00-14.00, eða á netfangið skipulag@akranes.is

Ef þú hefur einhverjar athugasemdir við ofangreint erindi skulu þær hafa borist skriflega í þjónustuver Akraneskaupstaðar eigi síðar en **25. maí 2022**. Skipulags- og umhverfisráði er heimilt að stytta tímabil grenndarkynninga ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta lýsa skriflega með áritun á kynningargögn áður en 4 vikur eru liðnar, að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Anna Þóra Gísladóttir
verkefnastjóri



Akraneskaupstaður

Undirritaðir eigendur að Laugarbraut 18 gera ekki athugasemd við ofangreinda breytingu.

Akranesi 1. maí 2022

Kjartan Þorsteinsson

Nafn og kennitala

060973-5989

Elinborg Guðmundsdóttir

Nafn og kennitala

120876-5119